

„Ég er sá sem ég er“

Týpólógískur lestur á Sölku Völku

Æviferill Halldórs Laxness einkennist af örum og stundum nokkuð öfgakenndum umskiptum rétt eins og höfundarverk hans. Hann var aldrei hræddur við að segja skoðun sína á mönnum og málefnum og enn síður var hann hræddur við að skipta um skoðun. Við fyrstu sýn kann það að virðast ótrúlegt að sami maður hafi varið kaþólska trú af þeim hita sem Halldór gerir í *Kaþólskum viðhorfum* árið 1924 og afneitað öllum trúarbrögðum í *Alþýðubókinni* aðeins fimm árum síðar, og fleiri dæmi má finna um álíka sinnaskipti á ferli hans þegar kemur að stjórnmálum, bókmenntastefnum og öðrum brennandi málefnum samtíma hans.

Hefðbundin bókmenntasaga hefur eins og önnur saga tilhneingingu til að ýkja skil milli ólíkra tímabila og viðhorfa. Það er einfaldara að líta svo á að fram til *Vefarans mikla frá Kasmír*, sem kom út árið 1927, hafi Halldór Laxness verið kaþólskur — og að eftir það hafi hann verið sósíalisti og alls ekki kaþólskur, þar til aðrir hugmyndastraumar tóku við — heldur en að takast á við það að tvær fullkomlega andstæðar skoðanir eða hugmyndastraumar geti verið ríkjandi í hugarheimi sama höfundar á sama tíma.¹ Þessi tilhneiging skýrir það eflaust að áhrif kaþólskunnar og þeirrar menntunar sem Halldór naut innan kaþólsku kirkjunnar á þriðja áratugnum hafa ekki mikið verið rannsökuð í skrifum um verk Halldórs eftir *Vefarann mikla frá Kasmír*.² Í þessari grein verður fengist við slíka rannsókn. Hér verður sýnt fram á að í *Sölku Völku* (1931–1932), fyrstu „þjóðfélagslegu“ skáldsögu Halldórs frá fjórða áratugnum, megi greina ákveðnar aðferðir við byggingu og táknotkun sem eiga sér kristnar rætur. Nánar tiltekið verður hér hugað að því hvernig greina má áhrif

¹ Halldór Guðmundsson, *Halldór Laxness: Ævisaga*, Reykjavík: JPV, 2004, bls. 280. Þar segir Halldór: „Vegna þess að Halldór tók aftur upp samband við kaþólsku kirkjuna í hári elli og dró gjarnan taum hennar í samanburði við lúterskuna hefur verið tilhneiging til að álíta að hann hafi eiginlega verið kaþólskur alla tíð. Svo var þó ekki.“ Sjá einnig Kristinn E. Andrésson, *Íslenskar nútímabókmenntir 1918–1948*, Reykjavík: Mál og menning 1949, bls. 281. Kristinn segir afdráttarlaust að með *Alþýðubókinni* hafi „lífsskoðun marxismans sigrað“; sjá einnig Peter Hallberg, *Vefarinn mikli: Um æskuskáldskap Halldórs Laxness 2*, Björn Th. Björnsson þýddi, Reykjavík: Helgafell, 1960, bls. 198–228. Hallberg bendir raunar á að Halldór sjálfur hafi á tímabili haft tilhneingingu til að líta á kaþólsku sína af nokkurri léttúð og gera lítið úr þætti hennar í ævi sinni og höfundarverki.

² Það er rétt að geta þess að verk Halldórs og tengsl þeirra við trúarbrögð, guðfræði og jafnvel kirkjusögu hafa töluvert verið rannsökuð. Sjá t.d. Gunnar Kristjánsson, *Fjallræðufólkið: Persónur í verkum Halldórs Laxness*, Reykjavík: Mál og menning, 2002; Kristinn Ólason, „Orð þín eru fögur og hryllileg: Lítið eitt um fegurðina og sannleikann í Vefaranum mikla frá Kasmír“, *Glíman* 1/2003, bls. 85–101; John MacQueen, „Theology and the Atom Station“, *Afmaliskevðjur heiman og bandan: Til Halldórs Kiljan Laxness sextugs*, Helgafell: Reykjavík, 1962, bls. 80–83; Hjalti Hugason, „Klukka Íslands í kirkjusögulegu ljósi“, *Andvari* 2002, bls. 102–126. Þá má geta hér tveggja smágreina þar sem fitjað er upp á rannsóknum á tengslum verka Halldórs við kaþólska miðaldagudfræði: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Það er að vísu hvorki lútersguð né páfaguð [...]“ Um mann, mýtu og draum“, *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugsyni fimmtugum 16. september 2006*, umsjón Guðrún Ása Grímsdóttir o.fl. Reykjavík: Menningar- og minningasjóður Mette Magnussen, 2006, bls. 24–26; Vésteinn Ólason, „Dýrðin á ásýnd hlutanna: Halldór Laxness og Tómas frá Akvínó“, *Jónína hans Jóns G. Friðjónssonar 24. ágúst 1994*, umsjón Guðrún Kvaran o.fl., Reykjavík: Menningar- og minningasjóður Mette Magnussen, 1994, bls. 113–116.

hefðbundinnar týpólógíu, sem á uppruna sinn í ritskýringu Biblíunnar, í byggingu verksins.

Þessi grein er þannig ætlað að vera hvort tveggja í senn: framlag til rannsókna á höfundarverki Halldórs Laxness og til áhrifasögu Biblíunnar í íslenskrri menningar-sögu.

Sögulegur bakgrunnur og afstaða Halldórs Laxness til trúarbragða á fjórða áratugnum

Salka Valka er af flestum fræðimönnum álitin fyrsta verk Halldórs sem fullþroskaðs höfundar, þótt sjálfur hafi hann raunar gefið þau skilaboð í eftirmála við aðra útgáfu sögunnar að sagan bindi endahnútinn á æskuverk hans.³ Þegar Halldór hófst handa við ritun sögunnar hafði hann gengið af þeirri kaþólsku trú sem hann tók ungur og tekið afdráttarlausa trú á manninn undir merkjum vísindalegs sósíalisma.⁴ Þetta kemur hvað skýrast fram í *Alþýðubókinni* sem kom út tveimur árum á undan fyrra bindi *Sölku Völku*. Lokaorð síðustu ritgerðar bókarinnar sem nefnist „Trú“ eru þessi:

MADURINN er fagnaðarboðskapur hinnar nýju menningar, maðurinn sem hin fullkomnasta líffræðileg tegund, maðurinn sem félagsleg eining, maðurinn sem lífstákn og hugsjón, — hinn eini sanni maður — ÞÚ. Þess vegna skaltu ekki leggja trúnað á það, sem sagt er í kristilegum bókum, að þegar lítilmagninn er fótum troðinn, þá sé verið að beita bræður þína ranglæti; — nei, það er miklu alvarlegra en svo: Þar sem börn öreigans eru mergsogin til ágóða fyrir morðhunda auðvaldsins, — þar er verið að traðka sjálfan þig saman við sorpið, þig, hinn eina mann, hina ædstu opinberun lífsins, ÞIG.⁵

Halldór hafði snúið baki við kristinni trú þegar hann ritaði *Sölku Völku* og í greinum hans frá þessu tímabili er víða sneitt bæði að kirkjunni sem stofnun og trúarbrögðunum sem slíkum. Í annarri grein í *Alþýðubókinni* vísar hann til dæmis að guðfræðideild Háskóla Íslands þessum orðum: „Við Háskóla Íslands er kennarastóll í fornserkneskum trúargrillum, og er síst ofmælt að tilvist þessa kennarastóls sé ein háðuglegasta niðstaung sem menningu norræns kyns hefur verið reist í hennar konúngdæmi.“⁶ En þótt Halldór taki oft stórt upp í sig og greinar hans einkennist af ungæðishætti þá er ljóst að hann ber ákveðna virðingu fyrir trúarbrögðum. Hann metur þau sem menningarsöguleg verðmæti en telur þau algerlega á skjön við nútím-ann sem hann skilur einatt í ljósi vísindalegs sósíalisma. Hann virðir þó ekki öll trúarbrögð jafnt. Þótt hann hafi snúið baki við kaþólskunni leikur enginn vafi á því að hann álítur kaþólsku kirkjuna hina einu sönnu, almennu kirkju og aðrar yngri kirkjudeildir einungis dauft bergmál af henni, þar með talda hina íslensku, lútersku þjóðkirkju.⁷ Í *Alþýðubókinni* stendur líka: „Ég hef oft látið í ljós þá sannfæringu mína að kerfi það sem kent er við kaþólsku kirkjuna sé fullkomnast allra trúarbragðakerfa

³ Halldór Laxness, *Salka Valka*, 2. útgáfa, Reykjavík: Helgafell, 1951, bls. 476.

⁴ Sjá t.d. Halldór Guðmundsson, *Halldór Laxness: Ævisaga*, bls. 280. Um hinn vísindalega sósíalisma Halldórs, einkenni hans og mótsagnir, sjá Árni Sigurjónsson, „Hugmyndafræði Alþýðubókarinnar“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1982, bls. 38–63.

⁵ Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, 5. útgáfa, Helgafell: Reykjavík, 1956, bls. 206.

⁶ Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, bls. 31.

⁷ Um viðhorf Halldórs til Lúters sjá: Sigurður Árni Eyjólfsson, „Marteinn Lúther — fangi túlkunarsögunnar“, *Gliman* 1/2003, bls. 103–117, einkum bls. 109–111.

sem hafi komið fram í heiminum svo menn viti. Ný trúarbrögð eru ómerkileg, ósamkvæm sjálfum sér og alvörulaus.“⁸ Hvað sem þessari virðingu líður er jafnvel kaþólskan tímaskekkja í huga Halldórs þegar hann er nýendurfæddur til trúar á nútímamann og vísindin: „Trúarbrögð eru nefnilega úrelt tegund vísinda. Þau eru tilraunir fornaldarinnar til að gera sér grein fyrir eðli hlutanna.“⁹

Þótt Halldór gagnrýni trúarbrögðin harðlega sem tímaskekkju neitar hann því að hann áliti „alla trú eintóma vitleysu“ heldur líti hann svo á að eðli trúarlegrar hugsunar og vísindalegrar sé af ólíkum toga spunnið. Og hann afneitar því ekki að „þau trúarbrögð hærri kynstofna, sem áður en vísindi hófust voru mönnum beinn vísindómur, geyma enn ógrynni af óbeinum vísidómi eða táknelegum hverjum manni sem annars nennir að bera tákn þessi saman við þekkingaratriði vorra daga.“¹⁰

Halldór gefur líka í skyn að í táknerfi kaþólskunnar kunni að leynast möguleikar á því að nota hinar fagurfræðilegu aðferðir sem þar hafa þróast á nýjan hátt og ef til vill til að komast að nýjum niðurstöðum: „kaþólsk trú er í stuttu máli sagt rígföst og óbifanleg trú á gömul orð en jafnframt þrjúskufull og ótillátssöm neitun þess að hirða hvað orð þessi tákna á nútímamáli.“¹¹ Í greininni sem hér er vitnað til rekur Halldór meðal annars hvernig „nútimahyggiðmenn“ innan kaþólsku kirkjunnar reyndu að skapa kaþólskri trúvarnarfræði nýjan grundvöll í upphafi tuttugustu aldar en voru kveðnir niður af páfanum. Það er engu líkara en honum finnst kaþólska kirkjan ekki hafa fullnýtt möguleika sína í nýjum heimi.

Hann bendir á hinn bóginn á það að nafn Jesú Krists hafi einkum táknelegt gildi og jafnframt að það tákn megi fylla af margs konar merkingu, allt eftir sögulegum aðstæðum:

Nafn Jesúsar Krists hefur einkum táknelegt gildi. Maðurinn Jesú Kristur hefur ekkert sagnfræðilegt gildi (það er mjög óvíst hvort hann hefur nokkurn tíma verið til), heldur ýmislegur skilningur ýmissa tíma og ýmissa þjóða á godsögninni um Jesú Krist. Þó að áhrif Jesúsar Krists á allar tóntegundir vestrænnar menningar verði ekki vefeingd, þá eru það í fyrsta og síðasta lagi áhrif trúartákna og helgisögu, sem sprottin eru upp úr einni þjóðarsál, lituð af annarri, mótuð af þeirri þriðju, endursköpuð af hinni fjórðu o.s.frv.¹²

Það er einmitt sú hlið trúarlegrar hugsunar sem snýr að hinu táknræna sem skiptir máli fyrir lestur minn á *Sölku Völku* sem fylgir hér á eftir. Segja má að Halldór nýti sér sjálfur það svigrúm sem hann lýsir hér, hann taki tákn kristindómsins og aðferðir hans og fylli af nýrri merkingu í nýju samhengi, eins og margir höfundar höfðu gert á undan honum.

Halldór gerði sér fullkomna grein fyrir því að listir — ekki síst bókmenntir — hafa þegið margt í arf frá trúarbrögðum heimsins og þótt hann hafi sjálfur gengið af trúnni afneitaði hann aldrei möguleikum kristilegra táknsagna. Í greininni Föstu-hugleiðingar sem birtist fyrst í Eimreiðinni árið 1944 kemst hann þannig að orði:

⁸ Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, bls. 189.

⁹ Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, bls. 189.

¹⁰ Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, bls. 198.

¹¹ Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, bls. 199.

¹² Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, bls. 200.

Hin fagurfræðilega hlið trúarbragðanna hefur þó meira alment gildi, ekki síst sakir þess hve mjög þau standa í nánum teingslum við listirnar. List og trúarbrögð eru samkvæmt uppruna og eðli svo náskyld að það er víða ógerlegt að draga markalínu milli þeirra eða skilja þau sundur. Takmark beggja er að gera drama úr heiminum á táknvísan hátt, draga saman í talandi myndir heimsskilning mannsins og heimskend.¹³

Þessi grein er skrifuð rúmum áratug eftir *Sölku Völku* en þau tengsl listar og trúar sem hann nefnir hér eru mikilvæg fyrir verk Halldórs á fjórða áratugnum og fram á þann fimmta. Bæði í *Sölku Völku* og í verkunum sem fylgdu í kjölfarið, *Sjálfstæðu fólki* og *Heimsljósi*, beitir hann mjög oft táknum sem eiga uppruna sinn í kristinni hefð.¹⁴ Skilning sinn á trúarbrögðum sem úreltri heimsm mynd, sem hafði þó gildi á sínum tíma, reynir Halldór að fella að sinni nýju heimsm mynd sem einkennist af algerrri trú á vísindin og skilyrðislausri framfarahyggju. Í „Inngangi að Passíusálmum“ sem hann vann að samhliða síðara bindi *Sölku Völku* og birtist fyrst árið 1932 kemur þessi sögulegi skilningur Halldórs á sambandi trúarbragða og vísinda skýrt fram, vísindin hafa tekið við af trúarbrögðunum og gefið andlegum táknum þeirra jarðneska merkingu.

Í hyggju lýðsins samsvarar endurlausnarhugmyndin þannig þeirri hugmynd, sem nú á dögum er kend við þjóðfélagsbyltingu og boðuð úr gagnstæðri átt, enda með gagnstæðu takmarki. „Endurlausnin“ tjáir samkvæmt eðli sínu drauminn um frelsun af oki „syndarinnar“, þarsem „syndin“ er dulspækileg tæpitúnga um niðurlægingu mannsins og eymdarástand. En þar skilur með þessum tveim hugmyndum, „endurlausn“ og þjóðfélagsbyltingu, að endurlausn er óráð, yfirskilvitleg og óskiljanleg lausn á vandkvæðum mannsins, þarsem hin samsvarandi hugmynd vorra tíma, hugsjón þjóðfélagsbyltingarinnar og hins stéttlausa þjóðfélags, er óhugsandi nema með skiljanlegum, raunhlítum meðulum.¹⁵

Sú þjóðfélagsbylting sem Halldór sér fyrir sér undir merkjum sósíalísmans er þannig að hans skilningi einhvers konar nútímalegt fagnaðarerindi sem svarar kalli tímans betur en trúarbrögðin — það kemur úr gagnstæðri átt. Formgerð þessara tveggja ólíku hugmynda er þó hin sama; það er engu líkara en Halldór sjái byltingu öreiganna fyrir sér í guðfræðilegu ljósi, sem frelsun eða endurlausn öreiganna. Þetta reynir hann að sýna fram á í fjölmörgum ritgerðum á þriðja og fjórða áratugnum. Í skáldsögum sínum vinnur hann að einhverju leyti að sama markmiði, *Salka Valka* og skáldsögurnar sem fylgdu á eftir mega með sanni kallast tilraunir til að „gera drama úr heiminum á táknvísan hátt“.¹⁶ Í síðari hluta þessarar greinar verður reynt að sýna fram á þetta.

Rannsóknarsaga

Í ljósi galgopalegustu yfirlýsinga Halldórs sjálfs um trúarbrögð og eindreginnar boðunar sósíalísmans og vísindahyggju sem finna má í ritgerðum hans á þriðja og fjórða áratugnum er í hæsta máta eðlilegt að fæstir þeirra sem hafa skrifað um *Sölku*

¹³ Halldór Laxness, „Föstuhugleiðingar“, *Sjálfsagðir blutir: Ritgerðir*, Reykjavík: Helgafell, 1962, bls. 130–140, hér 131.

¹⁴ Sjá: Gunnar Kristjánsson: *Fjallkirkjufólkið*. Halldór er að sjálfsögðu einn fjölmargra 20. aldar höfunda sem beita táknum sem eiga uppruna sinn í kristinni hefð. Raunar má halda því fram að beiting trúarlegra tákna og goðsagna sé gildari þáttur í módernisma og öðrum nútímabókmenntum en lengst af hefur verið haldið fram. Nýlegar rannsóknir á þessu sviði þar sem áherslan er á hið dulræna má m.a. lesa í nýju safnríti þar sem meðal annars er að finna greinar eftir íslensku fræðimennina Benedikt Hjartarson og Gísla Magnússon: *The Occult in Modernist Art, Literature, and Cinema*, ritstj. Tessel M. Bauduin og Henrik Johnsson, Palgrave Macmillan, 2018.

¹⁵ Halldór Laxness, „Inngangur að Passíusálmum“, *Vettvángur dagsins*, Reykjavík: Helgafell, 1962, bls. 7–52, hér 11.

¹⁶ Halldór Laxness, „Föstuhugleiðingar“, bls. 131.

Völku hafi veitt hinum trúarlega þætti sögunnar athygli. Þeir sem fyrstir skrifuðu um söguna, fræðimenn eins og Kristinn E. Andrésson, Peter Hallberg og T.L. Markey, horfa fyrst og fremst til samfélagslegra og pólitískra þátta verksins.¹⁷ Það sama má segja um Árna Sigurjónsson sem skrifaði um verk Halldórs í bókum og greinum á níunda áratug síðustu aldar. Árni fjallar raunar um píslarsögu Sigurlínu, móður Sölku, í seinna bindi verks síns um Halldór sem kom út árið 1987.¹⁸ Silja Aðalsteinsdóttir og Soffía Auður Birgisdóttir nálgast söguna á öðrum forsendum og hjá þeim eru annars vegar ástarsamband Sölku og Arnaldar og hins vegar þroskasaga Sölku og samband hennar við móður sína aðalatriði sögunnar.¹⁹ Halldór Guðmundsson fjallar um *Sölku Völku* í fjórða bindi *Íslenskrar bókmenntasögu* og leggur áherslu á hina þjóðfélagslegu vídd ásamt ástarsögunni, en bendir einnig á tákni í sögunni, ekki síst margrætt táknrænt gildi fuglanna sem setja einkum svip á seinna bindið.²⁰ Þá má geta hér nýlegrar greinar eftir kanadíska bókmenntafræðinginn Natalie M. Van Deusen þar sem hún beinir sjónum að táknrænu gildi lita í sögunni.²¹

Í nýlegri leikgerð sem sett var á svið veturinn 2016–2017 var öll áhersla lögð á samband Sölku, móðurinnar og Steinþórs og misnotkun Steinþórs á Sölku. Þegar hinn trúarlega þátt sögunnar ber á góma er hann yfirleitt álitinn fela í sér gróft skop á kostnað Hjálpræðishersins, enda er þar af nógu að taka.

Einn þeirra fræðimanna sem skrifað hafa um söguna sker sig þó úr, og þarf ekki að koma á óvart. Þetta er Gunnar Kristjánsson sem fjallar um söguna ásamt öðrum skáldsögum Halldórs í bók sinni *Fjalldræðufólkið*. Niðurstaða Gunnars er m.a. að verkið einkennist af nýplatónisma, líkt og önnur verk Halldórs, að sérhver hlutur „beri í sér æðri hugmynd“, svo notuð séu orð Halldórs sjálfs úr *Paradísarheimt* sem Gunnar vitnar til. Gunnar minnir líka á að nokkrum árum áður en Halldór ritaði *Sölku Völku* hafði hann dvalið langdvölum með munkum, tekið þátt í helgihaldi og lesið guðfræði af ýmsu tagi.

Þegar allt kemur til alls einkennist *Salka Valka* af guðfræðilegum vangaveltum sem Halldór Laxness hafði burði til að takast á við. Þótt hann virðist ekki gefa mikið fyrir hefðbundna guðrækni og láti stundum eftir sér að draga upp spaugilegar myndir af talsmönnum trúarinnar, hvort sem það eru hermenn Hjálpræðishersins eða embættismenn kirkjunnar, eða senda þeim hvassar örvar þegar hann telur ástæðu til og vel henta, þá er vitund hans um gildi trúarinnar engu að síður mjög sterk.²²

Þótt ég ætli hér að gera ágreining við Gunnar Kristjánsson um ákveðna hluti í túlkun hans á *Sölku Völku* þá ætla ég að byrja á því að taka undir sjónarmið hans. Það leikur enginn vafi á því að höfundur *Sölku Völku* þekkir vel til ýmissa afbrigða kristindómsins og að vangaveltur hans eru í einhverjum skilningi guðfræðilegar þótt ég

¹⁷ Kristinn E. Andrésson, „Nýtt skáldrit“, *Íðunn* 1–2/1932, bls. 177–189; Kristinn E. Andrésson, *Íslenskar nútímabókmenntir 1918–1948*; Peter Hallberg, *Hús skáldsins: Um skáldverk Halldórs Laxness frá Sölku Völku til Gerplu*, fyrra bindi, Helgi J. Halldórsson íslenzkaði, Reykjavík: Mál og menning, 1970; T.L. Markey, „Salka Valka: A Study in Social Realism“, *Scandinavica* 12/1973, bls. 63–69.

¹⁸ Árni Sigurjónsson, *Laxness og hjúðlíf: Frá Ylfingabúð til Urðarsels*, Reykjavík: Vaka Helgafell, 1987, bls. 42–47.

¹⁹ Silja Aðalsteinsdóttir, „Breytileiki lífsins er sannleikurinn (Eða: Hörð áráð á Árna Sigurjónsson)“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1982, bls. 203–210; Soffía Auður Birgisdóttir, „Hvað er kona af konu fædd? Getur hún aldrei orðið frjálst?“, *Um samband móður og dóttur í Sölku Völku*, *Tímarit Máls og menningar* 3/1992, bls. 9–19.

²⁰ Halldór Guðmundsson, „Draumur vakinn af bókum — verk Halldórs Laxness á fjórða áratugnum“, *Íslensk bókmenntasaga* 4, ritsstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 193–223.

²¹ Natalie M. Van Deusen, „Colours, Colour Symbolism, and Social Critique in Halldór Laxness’s Salka Valka“, *Scandinavian–Canadian Studies/Études scandinaves au Canada*, 18/2009, bls. 56–70.

²² Gunnar Kristjánsson, *Fjalldræðufólkið*, bls. 59. Um dvöl Halldórs í klaustrinu í Clervaux, sjá: Halldór Laxness, *Dagar hjá munkum*, Reykjavík: Vaka Helgafell, 1982.

myndi kannski frekar orða það þannig að söguhöfundur *Sölku Völku* velti vöngum á guðfræðilegan hátt en komist að niðurstöðum sem eru í hæsta máta jarðneskar.

Biblían og *Salka Valka*

Kristindómurinn er, hvað sem öðru líður, samofinn sögunni. Á yfirborði textans er þetta augljóst á margvíslegan hátt. Titill fyrri hluta verksins, *Þú vinnviður breini*, er sóttur í sálm eftir Sigurbjörn Sveinsson sem sunginn var á samkomum Hjalpræðishersins. Í minniskompum Halldórs frá þeim tíma sem hann vann að samningu bóka um Sölku Völku má líka sjá að hann hafði kynnt sér Hjalpræðisherinn vel, bæði uppbyggingu hans og ekki síst þann kveðskap sem þar var í hávegum hafður.²³ Herinn leikur stórt hlutverk í fyrri bindinu og í játningum herkvennanna, Toddu truntu og Sigurlínu, móður Sölku, sést glöggt að Halldór þekkti bæði mælskufræði og guðfræði hersins þrýðilega. Kristinn E. Andrésson finnur raunar að því í ritgerð sinni um *Sölku Völku* að Halldór hafi Hjalpræðisherinn í svo stóru hlutverki á Óseyri fremur en þjóðkirkjuna.²⁴ Fyrir því eru þó góðar og gildar ástæður eins og síðar verður komið að, en það er skiljanlegt að þær fari fram hjá Kristni, hann leitar þjóðfélagslegrar gagnrýni í öllum þáttum verksins.

Kirkjan birtist raunar líka víða í sögunni og mynd hennar er kunnugleg í íslenskum skáldsögum allt frá Jóni Thoroddsen til samtímans.²⁵ Prófasturinn í fyrri bindinu er fjarlægur og kaldur, hann hefur guðsorð á hraðbergi en sýnir Sölku og Sigurlínu lítinn áhuga nema þegar hann rukkar barnið Sölku fyrir líkræðuna yfir móður hennar. Ungi presturinn sem tekur við eftir dauða prófastsins í seinna bindinu er hálfgerður sveimhugi sem nær litlum tengslum við fólkið á Óseyri og er ráðþrota andspænis þjáningum þess.

Hinn kristilegi lærdómur höfundarins birtist víða á yfirborði textans, hann er samofinn málfari persónanna og hugarheimi, eins og ætti ekki að koma á óvart, og sögumaður grípur gjarnan til orðalags úr Biblíunni. Til að nefna dæmi mætti tilfæra orð sögumanns sem nálgast það að vera hálfbein ræða Sölku Völku, „Hvað er kona af konu fædd? Getur hún aldrei orðið frjáls?“²⁶ þar sem bergmála orð Jobsbókar, „Maðurinn, af konu fæddur, lifir stutta stund og mettast órósemi“ (Job 14.1).²⁷ Eða þegar Arnaldur biður Sölku Völku: „Ég trú; hjálpa þú trúleysi mínu“²⁸ (sbr. Mark 9.23–24) og þegar líður að kveðjustund þeirra Sölku og Arnaldar bergmálar sögumaður upphaf Fyrstu Mósebókar, „Það er einsog saga heils mannkyns líði þar undir lok í þögninni. Jörðin verður aftur auð og tóm. Og myrkur legst yfir djúpin“²⁹ (II, bls. 325, sbr. 1Mós 1.1–2).

²³ Halldór Laxness, Minniskompur, Lbs. 200 NF. Um kynni Halldórs af Hjalpræðishernum og Sigurbirni Sveinssyni sjá: Pétur Pétursson, *Með himneskum armi: 100 ára saga Hjalpræðishersins á Íslandi*, Skálholtsútgáfan, 1995.

²⁴ Kristinn E. Andrésson, „Nýtt skáldrit“, bls. 181.

²⁵ Sjá Gunnar Kristjánsson, „Guðsmenn og grámosi: Um presta í íslenskum bókmenntum“, *Andvari* 1987, bls. 103–120.

²⁶ Halldór Laxness, *Salka Valka II: Fuglinn í fjörinni*, Reykjavík: Vaka–Helgafell, 1999, bls. 399. Hér eftir verður vitnað til texta bókarinnar innan sviga í meginmáli og tilvitnanir auðkenndar með bókstöfunum II.

²⁷ Tilvitnanir í Biblíuna í þessari grein eru í eldri þýðingu Biblíunnar, þá sem út kom fyrst árið 1908 og í endurskoðaðri útgáfu 1912. Þetta er gert vegna þess að það er væntanlega sú útgáfa textans sú sem höfundur *Sölku Völku* hafði aðgang að á ritunartíma sögunnar.

²⁸ Halldór Laxness, *Salka Valka I: Þú vinnviður breini*, Reykjavík: Vaka–Helgafell, 1999, bls. 244. Hér eftir verður vitnað til texta bókarinnar innan sviga í meginmáli og tilvitnanir auðkenndar með bókstafnum I.

²⁹ Gunnar Kristjánsson bendir á fleiri dæmi um vísanir til Biblíunnar. Sjá Gunnar Kristjánsson, *Fjallræðufólkið*, bls. 53.

En tilvísanir, misaugljósar, til Biblíunnar eru miklu fleiri í *Sölku Völku* og ef við gægjumst undir yfirborðið kemur í ljós að þær ná dýpra en kannski virðist við fyrstu sýn.

Hvað er týpólógía?

Undirtitill þessarar greinar er „týpólógískur lestur á *Sölku Völku*“. Þetta þarfnast nokkurrar skýringar. Týpólógía sem túlkunaraðferð er sjaldnast tengd nútíma-skáldsögum eins og *Sölku Völku*. Týpólógískur lestur Biblíunnar gengur út frá því að persónur og atburðir í Gamla testamentinu séu „týpur“ sem bera í sér táknræna merkingu og fyrirheit sem síðan rætast í antítýpum sem birtast í Nýja testamentinu.

Týpólógían sem túlkunaraðferð eða lesháttur á sér reyndar rætur sem ná aftur fyrir kristsburð og tengjast gyðinglegri hefð. Í kristinni hefð má rekja þessa aðferð við ritskýringu aftur til Páls postula sem kallar Adam „fyrirmynd hans, er átti að koma“ (Róm 5.14). Heilagur Ágústínus var einn þeirra fræðimanna sem fjallaði um týpólógíu sem túlkunaraðferð og beitti henni við túlkun Biblíunnar og hennar má víða sjá stað í kristnum textum eftir hans dag.

Það er líklega einfaldast, og gagnlegast í okkar samhengi, að skýra aðferðina með dæmum sem flestir kannast væntanlega við úr *Gamla* og *Nýja testamentinu*. Þannig er lambið sem gyðingum er boðið að fórna á páskum fyrirboði um krossdauda Krists, Móses og það hvernig hann leiðir þjóð sína til fyrirheitna landsins fyrirheit um Jesú sem frelsara, skilningstréð fyrirboði um krossinn og þar fram eftir götunum. Með öðrum orðum, hinar tvær bækur Biblíunnar eru samhverfar; það sem er boðað í gamla testamentinu er uppfyllt í því nýja. Á miðöldum varð týpólógían ekki aðeins lesháttur til að rekja leynda þræði í helgum textum, heldur einnig aðferð við að semja texta og skapa merkingu eins og sjá má dæmi um í bæði íslenskum miðalda-bókmenntum og hjá höfundum eins og Chaucer, Milton og fleirum.

Nærtækasta dæmið um notkun týpólógíu í íslenskum bókmenntum þegar hugað er að ferli Halldórs Laxness, viðfangsefnum hans og áhrifavöldum hlýtur þó að vera *Passíusálmar* Hallgríms Péturssonar. Halldór vann að undirbúningi „Inngangs að Passíusálmum“ samhliða ritun seinna bindis *Sölku Völku*. Þetta má meðal annars sjá í minnisbókum hans sem varðveittar eru á Handritadeild Landsbókasafns en þar fléttast saman minnisþingtar Halldórs og tilraunir með setningar og brot úr seinna bindi *Sölku Völku* annars vegar og uppkast hans að innganginum að *Passíusálmunum* hins vegar. Eins og Einar Sigurbjörnsson, Margrét Eggertsdóttir og fleiri fræðimenn hafa bent á beitir Hallgrímur hefðbundinni allegórískri aðferð við samningu sálmanna.³⁰ Týpólógísk útlekking Biblíunnar var honum einnig töm eins og til dæmis má sjá í 30. sálmi þar sem ganga Ísaks upp á fjallið með brenniviðinn er túlkuð sem fyrirboði göngu Krists með krossinn upp á Golgata:

³⁰ Einar Sigurbjörnsson, „Píslarsaga og Passíusálmar“, *Biblían og bókmenntirnar, Ritroð Guðfræðistofnunar* 9/1994, bls. 107–128; Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn: List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*, Stofnun Árna Magnússonar: Reykjavík, 2005, bls. 344 o.áfr.

Þessi krossins þunga byrði
þér var, drottinn, lögð á bak,
svo fyrirmyndan fylld sú yrði
þá fórnarviðinn bar Ísak.
Sá þinn gangur sorga stirði
af sálu minni tók ómak.³¹

Það er engin goðgá að ætla að Halldór Laxness hafi þekkt til hinnar týpólógísku ritskýringarhefðar rétt eins og annarra aðferða kaþólskrar guðfræði sem hann lagði stund á á þriðja áratugnum, bæði í klaustrinu í Clervaux og víðar. Þá er það ekki óþekkt að aðferðinni bregði fyrir í skáldsögum allt fram á okkar tíma.³² Sterkasti vitnisburðurinn um það að Halldór hafi þekkt til og notað hina fornu týpólógísku hefð við ritun *Sölku Völku* hlýtur þó alltaf að liggja í sögunni sjálfri, byggingu hennar og notkun tákna.³³

Týpólógiskur lestur á *Sölku Völku*

Bygging skáldsagna Halldórs frá fjórða áratugnum er vandlega hugsuð og hún á stóran þátt í merkingarsköpun þeirra. Vésteinn Ólason hefur bent á hvernig *Sjálfstætt fólk* fylgir byggingu grískis harmleiks, sagan er í fimm hlutum auk söguloka, í lok hvers hluta glatar Bjartur einhverju sem honum er kært.³⁴ Hér er því haldið fram að *Salka Valka* eigi sér á svipaðan hátt fyrirmynd í byggingu Biblíunnar og skiptingu hennar í tvö testamenti.

Salka Valka er upphaflega tvær skáldsögur, *Þú vínviður breini* sem kom út árið 1931 og *Fuglinn í fjörunni* sem kom ári seinna. Titillinn *Salka Valka* hlaut verkið ekki fyrr en í danskri þýðingu Gunnars Gunnarssonar árið 1934. Sjálfur ætlaði Halldór sér lengst af að láta söguna í heild heita *Plássíð*. Hann skrifar í minnisbók sína þegar hann vinnur að seinna bindinu: „Hver er það sem talar í gegnum höfundinn í Plássinu? Svar: Plássíð.“³⁵ Af þessu má álykta að hann hafi ætlað sér að gera söguna að meiri hópsögu en raunin varð með sterkari áherslu á samfélagið en minni á hina persónulegu sögu Sölku Völku.³⁶

Bindin tvö skiptast svo aftur í tvær „bækur“, það vinnulag minnir óneitanlega á Biblíuna. Í fyrra bindinu er því lýst þegar Salka Valka kemur með móður sinni, Sigurlínu, til Óseyrar við Axlarfjörð. Skömmu síðar stígur þriðja aðalpersóna sögunnar inn á sviðið, sjómaðurinn Steinþór Steinsson. Steinþór verður ástmaður Sigurlínu en girnist barnið Sölku. Fyrri bókinni, sem ber þann írónska titil „Ástin“, lýkur með því að Steinþór reynir að nauðga Sölku. Seinni bókin, „Dauðinn“, hefst

³¹ Hallgrímur Pétursson, *Passíusálmarnir*, útgáfa og leiðsögn Mörður Árnason, Reykjavík: Crymogea, 2015, bls. 381.

³² Sjá um þetta Umberto Eco, *The Limits of Interpretation*, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press 1990, bls. 21–22. Erich Auerbach vikur einnig víða að týpólógískum eða figúratífum lestri í lykilverki sínu *Mimesis*. Sjá: Erich Auerbach, *Mimesis: Framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum*, aðalþýðandi Gauti Kristmannsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008. Sjá einnig John J. White, *Mythology in the Modern Novel*, Princeton: Princeton University Press, 1972.

³³ Peter Hallberg, *Hús skáldsins*, bls. 124.

³⁴ Vésteinn Ólason, *Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness: Bókmenntakver Mál og menningar*. Reykjavík: Mál og menning 1983.

³⁵ Halldór Laxness, Minniskompur, Lbs. 200 NF.

³⁶ Þegar kom að þýðingu sögunnar á dönsku var Halldór ennþá tvístígandi um heildartitil verksins og stakk upp á titlunum *Klipfisk I og II* og *Saltfisk I og II* í samskiptum sínum við þýðanda og Steen Hasselbach, danskan útgefanda sinn. Tillagan um að kalla heildarverkið Sölku Völku kom frá Gunnari Gunnarssyni. Sjá: Jón Yngvi Jóhannsson, *Landnám: Evisaga Gunnars Gunnarssonar*, Reykjavík: Mál og menning 2011, bls. 469.

Þegar Steinþór hefur verið fjarri Óseyri í tvö ár. Hann snýr aftur og þessi hluti sögunnar lýsir sambandi þeirra Sigurlínu. Þau eignast saman dreng sem deyr en samband þeirra markast alltaf af því að Steinþór girnist Sölku. Átökunum sem þessi „ástarþríhyrningur“ veldur lýkur með því að Steinþór hverfur aftur af landi brott og Sigurlína fyrirfer sér.

Í seinna bindi sögunnar tekur við annar ástarþríhyrningur þar sem Salka er aftur í miðjunni. Steinþór snýr aftur og það gerir Arnaldur Björnsson líka, æskuvinur Sölku sem kenndi henni ungri að lesa. Þeir eru líka andstæðingar í pólitík, Arnaldur boðar sósíalisma og byltingu en Steinþór gerir allt til þess að sölsa undir sig útgerðina á Óseyri. Salka og Arnaldur verða elskendur en sambandi þeirra lýkur þegar hún sendir hann burt. Í sögulok er Arnaldur á leið til Ameríku, alfarinn, en Steinþór hefur tekið sess kaupmannsins í plássinu.

Fleira er áhugavert í byggingu *Sölku Völku*. Sagan bitur í skottið á sér ef svo mætti segja: Hún hefst á því að Salka og móðir hennar eru ferjaðar í land með skipsbáti úr strandferðaskipi á Óseyri við Axlarfjörð. Fyrsti maðurinn sem þær hitta er Guðmundur Jónsson kadett í Hjálpræðishernum, en hann er einn af ræðurunum sem flytja þær í land. Sögunni lýkur með því að Salka Valka er ferjuð í land með skipsbátinum úr strandferðaskipinu sem flytur Arnald frá henni og eini maðurinn sem hún hittir á Óseyri er Guðmundur kadett, þá orðinn gamall maður.

Meginatriðið í byggingu *Sölku Völku* er þó hvernig bindin tvö endurspeglu hvort annað í stóru og smáu. Framvindan í þeim er ólík og það endurspeglar hlutverk þeirra í verkinu sem heild þar sem fyrra bindið einkennist af stöðugu ástandi en það seinna af umbreytingum. Fyrra bindið er nær algerlega laust við pólitísk átök. Í samfélaginu á Óseyri ríkir alger stöðnun, samfélagið er í föstum skorðum og kaupmaðurinn Jóhann Bogesen ríkir yfir plássinu í krafti auðæfa sinna og umsvifa. Lög málið sem ríkir yfir þorpinu og heldur samfélaginu saman virðist vera óumbreytanlegt. Í seinna bindinu, sem í frumútgáfunni hafði undirtitillinn „pólitísk ástarsaga“, er annað uppi á teningnum. Þar er pólitíkin og umbreytingar í samfélaginu á Óseyri í forgrunni. Þannig er fyrra bindið eins og undirbúningur fyrir það síðara, þar er lagður grundvöllur að þeim átökum sem marka síðara bindið, á sviði hins persónulega, hins pólitíska og — eins og kemur á daginn — hins táknræna.

Í fyrri hluta sögunnar er hið andlega líf að mestu í höndum Hjálpræðishersins og Sigurlína gengst honum á hönd, hún frelsast snemma í sögunni og sannfærast um að hún hafi þar fundið æðri tilgang með lífi sínu. Annað andlegt líf á staðnum er ekki fyrirferðarmikið. Það er helst Arnaldur Björnsson sem hefur víðari sjóndeildarhring en þann sem afmarkast af fjöllum umhverfis Óseyri og hagkerfi saltfisksins og Bogesens. Hann opnar Sölku sýn inn í annan heim þegar hann kennir henni að lesa og veitir henni einnig hlutdeild í draumalandi sínu:

Stundum finst mér ég vera huldudreingur, sem hafi verið hrakinn burt úr álfheimum útá meðal manna og tekin frá mér skygnigáfan um leið, svo ég sé ekki einusinni frammar með augunum minn rétta heim. Geturðu hugsað þér nokkuð leiðinlegra en vera álfasveinn og hafa mist hæfileikann til að sjá töfraheiminn álfanna þar sem lífið er eintómur hljóðfærasláttur í sólskíni og fagarar verur svífa milli mustera á vængjuðum stígvélum? Fyrir soleiðis álfasveini er mannheimur ein óslitin skelfileg missýning. Og hugsaðu þér, í þessum fallega heimi, hvort sem hann er nú álfheimur eða eitthvað annað, — þar átti ég áður heima. (I, bls. 103–104)

Í þessu draumalandi Arnaldar býr móðir hans, konan bak við fjallið bláa, „í blárri kápu einsog útlendar konur sem koma hingað stundum á skipum [...]“ (I, bls. 105).

Í upphafi seinna bindisins er Hjálpræðisherinn á bak og burt og Arnaldur raunar líka. En hann birtist fljótlega aftur og lætur til sín taka með hugmyndum um „verklyðsfélag og stjórnarbyltíngu“ (II, bls. 118). Hann útmálar framtíðina fyrir Sölku, þjóðnýtingu atvinnuveganna, barnaheimili og velferðarkerfi. Viðbrögð Sölku við því eru margslungin en mig langar að draga athyglina að því hvernig hún tekur til orða í tvö skipti sem þau ræða þessi mál:

Hér var einusinni Hjálpræðisher og hann kendi fólki þá hugmynd að slá öllum sínum áhyggjum uppá saunglist og fadirvor. Nú kemur þú með verklyðsfélag og stjórnarbyltíngu, nú á að slá öllum áhyggjum uppá verklyðsfélag og stjórnarbyltíngu. En ætli seinni villan verði ekki argari þeirri fyrri? (II, bls. 118)

og þó þú segir að það eigi að skapa annan heim hér í plássinu, þá hef ég verið á sálhjálparsamkomu fyr — (II, bls. 120)

Hliðstæðan sem Salka bendir hér á er augljós. Sósíalismi Arnaldar og loford um betra líf er hliðstæður Hjálpræðishernum sem varð móður hennar flóttaleið frá veruleikanum. Þetta er undirstrikað þegar Salka talar um að Arnaldur vilji skapa „annan heim“ (II, bls. 120) í þorpinu. Sá vísindalegi sósíalismi sem Arnaldur boðar reynist haldlítill á Óseyri við Axlarfjörð jafnvel þótt hann sé í flestu samhljóða þeim málflutningi sem höfundurinn hafði sjálfur í frammi um þetta leyti. *Alþýðubókin* birtist meira að segja óbeint í *Sölku Völku* sem *Bréf til almennings*, bók sem Arnaldur lánar Sölku (II, bls. 257). En „sannleikurinn er ekki í bókum“ eins og stendur í *Alþýðubókinni* og draumar Arnaldar reynast gagnslausir í plássinu.³⁷ Þegar hann yfirgefur það stendur Salka Valka ein eftir og við hana hljóta vonir sögunnar að vera bundnar.

Salka Valka er ekki ein um að bera saman stjórn málin í seinna bindinu og Hjálpræðisherinn í því fyrra. Guðmundur kadett gerir þetta líka, þegar Herinn hefur lagt upp laupana en Kristófer Torfdal, hinn dularfulli stjórn málaleiðtogi að sunnan, hefur gengist fyrir stofnun kaupfélags á Óseyri segir hann:

Mér er sama hvað fólk segir um Kristófer Torfdal, sagði Guðmundur Jónsson kadett. Hann hefur hjálpað okkur um kaupfélag, og ég sný ekki aftur með það, geri þeir betur sem meira gorta af sínum peningum. Ég segi fyrir mig og mína persónu, þegar Hjálpræðisherinn var hér í gamla daga, þá var það viss passi að þeir töluðu mest um hann sem aldrei höfðu komið á samkomu. (II, bls. 250)

Draumar Arnaldar eiga sér raunar aðra hliðstæðu í *Vinvíðnum*, eins og Salka bendir líka á sjálf:

³⁷ Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, bls. 17.

Þú ert í rauninni huldumaður, hélt hún áfram, — alveg einsog þegar þú varst dreingur. Þú átt heima í fögru landi bakvið blátt fjall, hinumegin við sjó. Í okkar plássi er altaf skuggi af einhverju fjalli. En í þínu landi er falleg spákona í himinbláum kjól. (II, bls. 139)

Hér sneiðir Salka að draumum Arnaldar um annan heim, það gerir hún raunar líka í afbrýðiskasti seint í sögunni þegar Arnaldur er að bræða með sér að fara til Ameríku á vit þarlendrar konu sem hann hefur kynnst þegar hann var leiðsögu- maður hennar um Ísland: „Enda er það ekki í fyrsta sinn sem þú hefur minst á þvílíka konu við mig. Nú hefurðu vonandi fundið hana, og ég samfagna þér“ (II, bls. 324). Salka er ekki ein um að gera lítið úr hinni andlegu hið Arnaldar, þegar Salka sjálf, í einni af rimmum sínum við Steinþór, segir að sál sín tilheyri Arnaldi, hvernig sem Steinþór kunni að hafa svívirt hana áður fyrr, er Steinþór snöggur til svars: „Hjálpræðisherskjaftæði, sagði hann“ (II, bls. 206).

Hugmyndir Arnaldar snerta aldrei á veruleikanum, hvort sem hann er ungur drengur sem dreymir um álfheima eða ungur maður sem dreymir um framtíðarríki sósíalísmans með samyrkjubúum og barnaheimilum. Arnaldur og Sigurlína, móðir Sölku, endurspeglar hvort annað, hvorugt þeirra er nógu tengt veruleikanum til að lifa af á Óseyri við Axlarfjörð og þau yfirgefa Sölku Völku hvort á sinn hátt.

Orð Sölku hér að framan um „sáluhjálparherssamkomu“ falla í framhaldi af samtali þeirra Arnaldar sem oft hefur verið vísað til:

Þú hefur verið í borgum, Arnaldur, þú ert fullur af röksemdum heimsins. En ég er bara —
Hér lét hún staðar numið, og bætti við líkt og hortitti, snögglega, eftir dálitla stund:
— það sem ég er [...]

Já, sagði hann að lokum hugs. Þetta er satt. Ég er fullur af röksemdum heimsins. En þú, Salka Valka, þú ert. (II, bls. 138–139)

Þessi orðaskipti sýna muninn á þeim tveimur. Röksemdir heimsins virðast standa hér fyrir kenningasmíð hvers konar og skýjaborgir en veruleikatenging Sölku Völku, sem er ómengduð af kenningum heimsins, er andstæða þeirra. Þessi orð Sölku eiga sér á hinn bóginn samsvörun í fyrra bindinu. Gefum Steinþóri Steinssyni orðið:

En ég er sá sem ég er, einsog fjörðurinn og tindarnir og miðin og flæðarmálið og það sem gerist í flæðarmálinu.“ (I, bls. 20)

En munið eftir því ef ykkur skyldi einhvers þykja við að þurfa, að **ég er sá sem ég er**. (I, bls. 21)

Ef ég er sá sem ég er, þá ríkjá eingin lögmál yfir mér nema þau sem ég set mér sjálfur. Ég er frelsari mín sjálfs og frelsi míns sjálfs. (I, bls. 144) (Leturbreytingar mínar)

Þessi orð þeirra Steinþórs og Sölku undirstrika tenginguna á milli þeirra. Eins og það er Sölku sjálfri og lesandanum þvert um geð þá eiga þau tvö margt sameiginlegt, þau eru í einhverjum skilningi úr sama efni og þau eru ólík Arnaldi og Sigurlínu. Þessi orð Steinþórs koma fyrir bæði í *Gamla testamentinu* og því nýja. Í Annari Móse- bók, þegar Guð talar til Móse úr logandi runnanum á Hóreb-fjalli, fara þeim þessi orð á milli:

Móse sagði við Guð: „Ef eg kem til Ísraelsmanna og segi við þá: „Guð fedra yðar sendi mig til yðar,“ og þeir segja við mig: „Hvert er nafn hans?“ hverju skal eg þá svara þeim?“ Þá sagði Guð við Móse: „**Eg er sá sem ég er**.“ Og hann sagði: Svo skalt þú segja Ísraelsmönnum: „**Eg er**“ sendi mig til yðar.“ (2Mós 3.13–14) (Leturbreytingar mínar)

Í Jóhannesarguðspjalli endurtekur Jesús þessi orð við lærisveinana:

Þess vegna sagði eg við yður: Þér munuð deyja í syndum yðar. Því að ef þér trúði ekki, að **eg sé sá sem eg er** þá munuð þér deyja í syndum yðar. Þeir sögðu þá við hann: Hver ert þú? Jesús sagði við þá: Til hvers skyldi eg yfir höfuð vera að tala við yður! Um yður hef eg margt að tala og dæma; en hann, sem sendi mig, er sannorður og eg tala það til heimsins sem eg hef heyrt af honum. Þeir skildu ekki, að hann talaði um föðurinn við þá. Því sagði Jesús: Þegar þér hefjið upp manns-soninn munuð þér komast að raun um, að **eg er sá sem eg er** og að eg gjöri ekkert af sjálfum mér, heldur tala eg þetta eins og faðirinn hefur kennt mér. (Jóh 8.24–28) (Leturbreytingar mínar)

Með orðum sínum hér að ofan líkir Steinþór sjálfum sér við guð almáttugan, bæði föður, og son og það er ekki í eina skiptið sem hann gerir það. Í fyrra bindinu er meðal annars að finna þessi orð hans.

Ekki veit ég hvað yðar frelsari heitir eða hversu máttugur hann er, sagði maðurinn, enda má það einu gilda. En ég veit nákvæmlega hver minn frelsari er og hversu máttugur hann er. Hann heitir Steinþór Steinsson og hefur aldrei verið á flæðiskeri staddur. (I, bls. 66)

Ég er frelsari mín sjálfs og frelsi mín sjálfs. (I, bls. 144)

Tal Steinþórs er augljóslega dæmi um hroka hans og ofdirfsku, framan af er metnaður hans og háttalag í engu samræmi við veruleikann, þótt það komi kannski á daginn að mælt í veraldlegum auði er það hann sem stendur uppi sem sigurvegari í sögulok. En það er hætt við að þau auðæfi verði honum til lítillar gleði því Salka Valka gengur honum úr greipum.

Þegar Salka Valka endurtekur orð Steinþórs, lítið breytt, í seinna bindinu öðlast þau aðra merkingu. Hún er sú sem hún er, ekki vegna þess að hún miklist af sjálfri sér, heldur vegna þess að hún getur ekki annað. Það er líka ljóst að aðdáun Arnaldar á Sölku, jafnvel ást hans á henni líka, er grundvölluð í veruleikatengingu hennar, ólíkt honum er hún jarðnesk og raunveruleg: „Hvernig geturðu fengið af þér að kyssa svona ljótar krumkur? spurði hún. Ég trú á þær, sagði hann, þær eru veruleikinn“ (II, bls. 275).

Tengsl Sölku Völku og Steinþórs í hinni táknrænu vídd sögunnar eru hliðstæð tengslum Sigurlínu og Arnaldar. Þau standa bæði fyrir hið jarðneska, fyrir veruleikann eins og hann kemur fyrir. Munurinn á þeim tveimur er þó sá að Salka sættir sig við þetta hlutskipti sitt en Steinþór reynir aftur á móti að hefja sig yfir það með orðagjálfri og yfirlýsingum, eða eins og sögumaðurinn segir á einum stað, „hann skynjaði tilveru sína í frumstæðum táknum, næstum goðfræðilegum“ (I, bls. 127).

Steinþór segist vera sinn eigin frelsari og á þeim tíma sem Halldór vann að *Sölku Völku* var hann meðal annars að velta fyrir sér Jesúservingum í skáldskap. Í „Inngangi að Passíusálmum“ segir hann:

Á þeim tímum sem vér lifum er Jesú-gervingurinn í skáldsögum látinn túlka hina hrörnandi borgarastétt, og er svo háttað um ýmsar höfuðpersónurnar í ritum Tómasar Manns. Víða er hann samsamaður hinni borgaralegu hugsjónastefnu einsog t.d. hjá Sinclair Lewis í Örvasmið og Aðalstræti og í seinustu ritum Hemingways (t.d. Hverjum klukkan glymur). Annarsstaðar kemur Jesú-gervingurinn fram sem tákn úrhelsisbaráttu fátæklingsins í þjóðfélagi auðhringanna, einsog t.d. í Amríska sorgleiknum eftir Dreiser eða Boston Sinclairs, svo nefnd séu nokkur augljós dæmi þess, hvernig ein persóna er látin taka á sig karma aldarinnar með þeim godsagnakennda hætti sem einkenni er Jesú-uppistöðunnar. Þó eru efturvill þessi örlög hins útskúfaða, lítillækkaða og hrjáða, en þó um leið guddómlega, túlkuð á tímabæran og samþjóðlegastan hátt fyrir smekk vorrar aldar í Chaplins-gervinu, þannig má segja að Chaplin sé hinn týpíski Jesús vorra tíma.³⁸

Jesúgervingurinn sem tákn var Halldóri hugleikinn eins og sjá má í fleiri verkum hans, ekki síst *Heimsljósi*. Í *Sölku Völku* eru enda fleiri persónur sem líkt er, eða líkja sjálfum sér, við Krist. Fræg eru orð Sveinbjargar, fársjúkrar vinkonu Sölku Völku, sem segir við sóknarprestinn á dánarbedinu:

Hvað er að hánaga einn dag á krossi fyrir mann sem á ekkert barn, segi ég, og vita þaradauki að maður deyr fyrir gott málefni, já jafnvel frelsar allan heiminn og geingur síðan beint inn í finasta sætið í himnaríki, hvað er það á móti því að kveljast einsog ég hef gert með fult hús af börnum misserum og árum saman, hvað eru ekki orðnar margar þær nætur allar úti gegn sem ég hef æpt af kvölum, bráðum er ég dauð, og; ég deyr fyrir ekki neitt, og það er ekki til neitt himnaríki handa mér, því ég veit að börnin halda áfram að gráta eftir að ég er dain og læra vont orðbragð og þrabiðja um mjólk sem er ekki til, segi ég. (II, bls. 31)

Þjeningar Sveinbjargar eru til einskis, hún deyr frá börnum sínum stuttu seinna og allir spádómar hennar rætast, þau eru jafn fátæk og svöng og áður þangað til Salka Valka tekur þau að sér. Samlíking Sveinbjargar við Jesú Krist í sögunni virðist enda fyrst og fremst þjóna þeim tilgangi að gagnrýna hugmyndina um fórnar- eða friðþægingardauða eins og Halldór gerði einnig í ritgerðum sínum á þessum tíma.

Sú persóna sem liggur beinast við að lesa sem hliðstæðu við Jesú er þó Sigurlína. Undir lok fyrra bindisins hefur verið auglýst „Halelúja-brúðkaup“ þeirra Steinþórs Steinssonar á Hjálpræðishernum, en daginn áður laumast Steinþór um borð í gufuskip og hverfur úr landi. Á brúðkaupsdaginn sjálfan, föstudaginn langa, hverfur svo Sigurlína sjálf. Það er ekki fyrir en á páskadag að farið er að leita að henni. Sú leit er sjálfsprottin, eins og alla í þorpinu gruni hvar hana muni að finna. „Einginn vissi hver fyrstur hafði fundið uppá því að ganga í fjöruna um morguninn“ (I, bls. 289) en lesanda rámar kannski í orð Sigurlínu sjálfar sem hún lætur falla nokkru fyrir í sögunni, þegar hún játar syndir sínar á samkomu á Hernum: „ég hafði fastákveðið að fyrirfara mér sjálfri í sjónum út af vonbrigðum míns lífs“ (I, bls. 131).

Sigurlína finnst síðan sjórekin í fjörunni á páskadagsmorgun. Sögumaður lýsir henni þannig:

Hárið var líka svartmatað af sandi, rusli, litlum kuðungum og smákvikindum úr fjörunni, en það hafði enn ekki raknað úr fléttunum því hún hafði bundið um þær togbandsspotta síðast þegar hún greiddi sér. Annars hafði hárið orðið svo lítið í sér við vatnið, og átti það sinn þátt í því að drættir þessa salta páskaandlits sem var upprisið úr hafinu birtust skýrara en ella. Hið eina upplitaða auga með afvötnuðum hvörmunum í kríng spurði og spurði til himins, svefnlaust, friðþægingarlaust, — aðeins opið. Það eru lifendur sem loka auga dáins manns til þess að telja sér trú um að hann sofi. Þó er ekkert ólíkara svefni en dauðinn. (I, bls. 290–291)

Dagarnir sem Sigurlína hverfur og deyr eru augljóslega ekki valdar út í bláinn, hún hverfur á föstudaginn langa og finnst á páskadagsmorgun, andlit hennar er nefnt

³⁸ Halldór Laxness, „Inngangur að Passíusálmum“, bls. 36.

páskaandlit og það sagt „upprisið“. En sambandið á milli píslarsögu Sigurlínu og píslarsögu Jesú Krists er langt frá því að vera einfalt. Eftir að Halldór gekk af sinni kaþólsku trú var honum sérstaklega uppsigað við hugmyndina um fórnardauða. Í grein sem nefnist „Föstuhugleiðingar“ og áður var vitnað til segir hann m.a.:

Litúrgían aleflir þannig drama dymbilvikunnar með mjög sterkum og nærgaungulum meðulum um leið og hún keyrir það niður í hlyldýpi tregafullrar lífsvitundar, bölsýnis og písla. Aldrei kemur hið sanna andlit kristindómsins skýrar í ljós en þá, aldrei finnur maður betur ósamrýmanleik þessarar heimskoðunar við hugsjónir lífsins, hatur hennar og viðbjóð á manninum, ósættanleik hennar við alt sköpunarverkið, fullkomna afneitun hennar á sérhverju verðmæti nema sælunni handan mannlægs lífs hinumegin við gröf og dauða.³⁹

Í lýsingunni hér að ofan er andlit Sigurlínu sagt vera „friðþægingarlaust“. Tvisvar er vísað til dauða Sigurlínu sem „friðþægingardauða“ í sögunni. Fyrst þegar vísað er til peninga sem Steinþór sendir henni að utan: „Friðþægingardauði móður hennar hélt áfram að vera höfuðstóll hennar“ (II, bls. 90). Seinna í sögunni, þegar Salka kemst að því að hringur sem Steinþór hafði gefið henni er líklega verðlaus, segir sögumaður: „Gjafir ástarinnar voru þá ekki annað en þjófstolið skítti og friðþægingardauði móður hennar ófyrirsynju um leið, einsog friðþægingardauði lausnarans sjálfs“ (II, bls. 207). Fórn Sigurlínu er þannig sett í það samhengi að hún hafi látið lífið fyrir Sölku og að Steinþór hafi sent peningana vegna þess að hann hafi haft samviskubit yfir því að yfirgefa Sigurlínu. Það að kalla dauða hennar friðþægingardauða er því í hæsta máta kaldhæðnislegt, eins og raunar fleira sem sögumaður segir um örlög hennar.

Á hinn bóginn kallast dauði Sigurlínu á við brottför Arnaldar í byggingu sögunnar, báðir atburðir valda Sölku sársauka, skilja hana eftir eina, en þroska hana um leið. Það býr ekkert fyrirheit í dauða Sigurlínu, ekki frekar en í dauða Sveinbjargar sem fyrr var nefndur. Von sögunnar er ekki að finna í „kenningum heimsins“, hvorki trúarbrögðum né loftkastalakenndum sósíalisma. Ef einhver persóna sögunnar ber í sér fyrirheit um einhvers konar frelsun fyrir íbúa Óseyrar við Axlarfjörð er það Salka sjálf, og sú von sem hún ber með sér felst í því að hún er algerlega tengd veruleikanum og hinu jarðneska.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að það liggja þræðir á milli hinna tveggja hluta *Sölku Völku*, að Halldór hafi notað þekkingu sína á túlkunarhefð kristinnar til að byggja sögu sína. Nú mætti andmæla þessari greiningu með þeim rökum að bygging verksins sé einfaldlega vel hugsuð og að ólíkir hlutar þess kallist á. Slíkt er auðvitað vel þekkt í formgerð nútímaskáldsagna. En við þeirri gagnrýni eru að minnsta kosti tvenns konar svör. Í fyrsta lagi mætti benda á að sú hugmynd að láta tvo hluta sama verks kallast á með þessum hætti dettur ekki af himnum ofan. Rétt eins og form harmleiksins sem nefnt var hér framar í tengslum við *Sjálfstætt fólk* á slíkt mynstur sér fornar rætur, í þessu tilfelli í túlkun Biblíunnar. Sterkustu rökin er þó að finna í textanum sjálfum. Steinþór segir „Ég er sá sem ég er“ (I, bls. 20, 21, 144), Salka bergmálar hann þegar hún segir „ég er bara [...] — það sem ég er“ (II, bls. 138). Þessi endurtekning, þótt hún sé örlítið breytt, er endurtekning í samhengi sögunnar, en orðin sjálf koma beint úr Biblíunni og eru endurtekin þar á sama hátt.

³⁹ Halldór Laxness, „Föstuhugleiðingar“, *Sjálfsögðir blutir: Ritgerðir*, Reykjavík: Helgafell, 1962, bls. 137.

Samkvæmt týpólógískri hefð er Móses einn af þeim sem boða komu Krists. Hlutverk hans í að leiða Ísraelsmenn til fyrirheitna landsins boðar hlutverk Krists og það hvernig hann frelsar mannkyn. Það að höfundur *Sölku Völku* notar setningu sem tengir Móses og Jesú í Biblíunni til að tengja saman Sölku Völku og Steinþór Steinson hlýtur að teljast nokkuð sterk vísbending um það að bygging *Sölku Völku* sé hugsuð á týpólógískan hátt.

En þá er að líta til þess að týpólógían er aðeins einn þáttur í merkingarsköpun þeirra texta sem á henni byggja, auk hins sögulega eða bókstaflega fela slíkir textar í sér allegóríska merkingu, siðferðilega eða móralska og anagógíska, þá sem „stefnt er að og veitir huggun.“ Síðasttalda merkingarlagið hefur einnig verið nefnt „guðlegt“ á íslensku, anagógísk merking texta er sú sem er sértækust eða mest abstrakt.⁴⁰ Niðurstaðan af túlkun minni á *Sölku Völku* er ekki „guðleg“ eða anagógísk, en það má segja að fjórða lagið í henni sé almenn niðurstaða sem nær langt út fyrir verkið sjálft. Eins og ég nefndi hér í upphafi kemst Gunnar Kristjánsson að þeirri niðurstöðu að í *Sölku Völku* megi greina nýplatónisma og að þar líkt og í öðrum verkum Halldórs sé undirliggjandi sú hugsun að til sé annar veruleiki að baki þeim sem við skynjum. Ég kemst að þveröfugri niðurstöðu. Þótt Halldór noti sér aðferðir týpólógiunnar og margvísleg tákni kristninnar í sögunni gerir hann það til að sýna fram á hvernig öll hugmyndakerfi bregðast. Lokaniðurstaðan er sú að það eina sem hægt er að treysta á er hin jarðbundna afstaða Sölku Völku til lífsins. Þegar Salka segist vera sú sem hún er, þegar Arnaldur tekur undir við hana og talar um hana sem fulltrúa „veruleikans“, andstætt þeim „kenningum heimsins“ sem hann er uppfullur af, sýnist mér einboðið að það sé sá veruleiki sem byggjandi er á, og það skiptir ekki öllu máli hvort kenningar heimsins heita hulduheimar, guðsríki eða annar heimur reistur á vísindalegum sósíalisma.

„Leið mín til hinna jarðnesku hugðarefna hefur legið gegnum fánýti himnanna.“⁴¹ Þessi setning úr *Alþýðubókinni* lýsir býsna vel stöðu Halldórs á fjórða áratugnum þegar hann skrifaði *Sölku Völku*, *Sjálfstætt fólk* og *Heimsljós*. Hugðarefni hans, og vonir, eru algerlega jarðnesk, en hann hefði aldrei getað búið þeim jafn glæsilegan búning og raun ber vitni ef hann hefði ekki komið að þeim þá krókaleið sem hann fór um lærdóm kristninnar og táknvísí.

⁴⁰ Um fjórar gerðir merkingar í texta sjá m.a.: Árni Sigurjónsson, *Bókmenntakenningar fyrri alda*, Heimskringla: Reykjavík, 1991, bls. 149–153.

⁴¹ Halldór Laxness, *Alþýðubókin*, bls. 203.